

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um framkvæmdaáætlun um launajafnrétti kynjanna.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað líður undirbúningi framkvæmdaáætlunar um launajafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi í áætlun um jafnréttismál hinn 28. maí 2004 og hvernig hefur verið staðið að undirbúningnum?
2. Er unnið í samræmi við 22. gr. jafnréttislaga, um jákvæða mismunun, og 14. gr. sömu laga, um að hvers konar þóknarir og hlunnindagreiðslur reiknist til launa, eins og kveðið var á um í jafnréttisáætluninni?
3. Er áætlunin unnin í samráði við heildarsamtök starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og hefur ráðherra hafið viðræður við aðila vinnumarkaðarins um að gerðar verði sambærilegar framkvæmdaáætlunir sem taki til almenna vinnumarkaðarins?
4. Hvenær er stefnt að því að áætlunin verði að fullu komin til framkvæmda?